

# Móttaka og aðlögun barna af erlendum uppruna í leikskólum Kópavogs



Menntasvið Kópavogs 2013

**Efnisyfirlit:**

Inngangur.

1. Skilgreining á hugtökum.
2. Móttaka barns af erlendum uppruna í leikskóla.
  - a. Upplýsingar og gögn sem foreldrar fá við upphaf leikskólagöngu.
  - b. Fyrsta viðtal við foreldra
  - c. Hugmyndir að því sem þarf að kynna
3. Upplýsingar sem foreldrar gefa leikskólanum
4. Kennsla og hagnýtar upplýsingar
5. Túlkaþjónusta.
6. Heimildir, heimasíður, tenglar og greinar þar sem finna má upplýsingar um
  - a. aðlögun og þjónustu við börn sem hafa annað tungumál en íslensku að móðurmáli í leikskólum á Íslandi.

## Inngangur

Ríkisstjórn Íslands samþykkti í janúar 2007 stefnu um aðlögun innflytjenda að íslensku samfélagi.

Markmið stjórnvalda með stefnu í málefnum innflytjenda er að tryggja sem best að allir íbúar landsins njóti jafnra tækifæra og verði virkir þátttakendur í samfélaginu og á sem flestum sviðum mannlífsins.

<http://www.velferdarraduneyti.is/malaflokkar/innflytjendur/adlogun/nr/3299>

Tilgangurinn með þessari samantekt er að auðvelda aðgengi starfsfólks leikskóla Kópavogs að upplýsingum varðandi málefni innflytjenda og gefa leiðbeinandi verklagsreglur um vinnuferli við móttöku og aðlögun. Í leiðbeiningunum hér fyrir neðan má auk þess finna upplýsingar um túlkapjónustu, heimasíður og tengla um efnið.

**Börn með báða foreldra af erlendum uppruna hafa forgöngu í leikskóla í Kópavogi og þau fá einnig stuðning í leikskóla við máltöku og aðlögun samkvæmt 4. flokki sérkennslureglna.**

Þegar leikskólaganga barna hefst er mikilvægt að strax myndist góð tengsl á milli leikskóla og heimilis. Gagnkvæm virðing milli foreldra og leikskóla er grundvöllur þess að barninu líði vel og að það fái notið sín. Allir foreldrar eiga það sameiginlegt að vilja börnunum sínum allt það besta.

Það er stórt skref fyrir öll börn að byrja í leikskóla og fyrir börn sem ekki eiga íslensku að móðurmáli getur aðlögunin tekið lengri tíma.

## 1.kafli

### SKILGREINING HUGTAKA

#### *Börn af erlendum uppruna*

Þegar talað er um börn af erlendum uppruna er átt við börn sem flutt hafa til Íslands og dvelja á landinu tímabundið eða til frambúðar með fjölskyldum sínum eða hafa einhvern tíma haft erlent ríkisfang. Börnin eru ýmist fædd erlendis eða hér á landi.

#### *Móðurmál*

Móðurmáli er átt við það tungumál er barn lærir fyrst, það/þau tungumál sem talað/töluð eru af þeirri fjölskyldu sem barn elst upp hjá. Barn getur átt fleiri en eitt móðurmál.

#### *Viðbótarmál*

Viðbótarmál kallast það/þau tungumál sem barn lærir næst á eftir móðurmáli. Á Íslandi er íslenska annað/þriðja tungumál barna af erlendum uppruna.

#### *Tvítýngd/fjöltýngd börn*

Tvítýngdur einstaklingur talar tvö tungumál og fjöltýngdur er sá sem talar þrjú eða fleiri tungumál.

#### *Fjölmennningarlegt samfélag í leikskóla*

Í fjölmennningarlegu samfélagi leika og starfa mismunandi einstaklingar hlið við hlið. Þeir standa jafnfætis, bera gagnkvæma virðingu hver fyrir öðrum og vinna saman að uppbyggingu hins fjölmennningarlega samfélags leikskólans.

#### *Starfsmenn*

Þegar talað er um starfsmenn í stefnu þessari gildir einu hvort um er að ræða leikskólakennara, annað uppeldismenntað fólk eða leiðbeinendur. Þar sem allir starfsmenn leikskólans koma að uppeldi og kennslu barnanna og foreldrasamvinnu, er eitt hugtak notað yfir allan hópinn.

## 2.kafli. **Móttaka barns af erlendum uppruna í leikskóla.**

Mikilvægt er að hafa í huga að leikskólabyrjun barns af erlendum uppruna getur verið mikið álag fyrir barnið og foreldra þess. Því þarf að tryggja þessum börnum móttöku og stuðning við hæfi.

Kynna þarf foreldrum vel ferli leikskólabyrjunar barnsins og sýna þeim skólahúsnæðið og alla aðstöðu. Starfsmenn ættu að leggja áherslu á góða samvinnu við foreldra og vekja traust strax við fyrstu kynni.

Þeir þættir sem geta haft áhrif á aðlögun barns er fyrri reynsla barnsins af því að vera aðskilið frá foreldrum sínum, persónuleiki barnsins og sjálfstraust, hlýja og virðing starfsfólksins fyrir einstaklingnum og heimilisaðstæður og stuðningur fjölskyldu. Ef um tvítyngt barn er að ræða getur þar að auki haft áhrif á aðlögun þess hversu lengi það hefur verið búsett á Íslandi og þekking kennara á menningarlegum bakgrunni barnsins.

Hver aðlögun ætti að miðast við barnið sem í hlut á. Stundum er þörf á að fara hægar í sakirnar, sérstaklega ef um er að ræða barn sem er að fara frá foreldrum sínum í fyrsta sinn eða er að heyra íslensku í fyrsta sinn. Á meðan á aðlögun stendur þarf að hvetja foreldra til að tala móðurmál sitt við barnið. Móðurmálið er mikilvægur grunnur fyrir önnur mál og kunnátta í því veitir barninu öryggi.

### **Upplýsingar og gögn sem foreldrar fá við upphaf leikskólagöngu**

Þegar leikskóladvöl er staðfest af foreldrum þarf að kanna hvort þanta þurfi túlk og fyrsta heimsókn er tímasett. Í sumum tilvikum getur þurft símatúlk til að koma skilaboðum um fundartímann til foreldra. (sjá túlkþjónustur)

Í fyrstu heimsókn fá foreldrar kynningu á leikskólanum og fá afhent gögn sem eru til eru á tungumáli foreldranna eða annað sem gæti nýst foreldrum til upplýsingar. Foreldrar skoða deild barnsins og eru kynntir fyrir deildarstjóra og starfsfólki. Þeir fá einnig að sjá það hólf sem barnið þeirra fær úthlutað í fataherbergi. Deildarstjóri tekur fyrsta viðtal við foreldra með túlki og þá er ákveðið hvenær barnið byrjar í aðlögun og hvernig hún fer fram.

### Fyrsta viðtal við foreldra

Foreldrar fylla út móttökueyðublað, sem er sameiginlegt fyrir alla leikskóla Kópavogs, þar sem ákveðnar grunnupplýsingar koma fram. Upplýsingar og gögn sem foreldrar þurfa að fá við upphaf leikskólagöngu barns af erlendum uppruna eru einnig afhentar. Upplýsingarnar þurfa að vera sem mest skriflegar. Séu þær ekki til skriflegar á viðkomandi tungumáli, verður skólinn að tryggja að túlkur þýði þær fyrir foreldrana.

Í fylgiskjali \_\_\_\_ er að finna hugmynd að eyðublaði fyrir fyrsta viðtal sem leikskólar geta nýtt sér.

Á heimasíðu Reykjavíkurborgar er að finna skilaboð frá skóla um ýmislegt tengt leikskólastarfi á nokkrum tungumálum sem gott er að nýta

[http://www.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-3806/6354\\_view-2327/](http://www.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-3806/6354_view-2327/)

Mikilvægt er að starfsmenn skipuleggi foreldraviðtöl þannig að túlkar séu samnýttir fyrir öll þau börn sem hafa sama móðurmál.

### Hugmyndir að því sem þarf að kynna:

- Heimasíður leikskólaskrifstofu og leikskólanna og upplýsingar sem þar er að finna .
- Skólanámskráin/ skólahandbókin.
- Skóladagatalið/ ársáætlun/frídaga.
- Myndrænt dagskipulag/stundaskrá barnsins og upplýsingar um hvernig skóladagurinn fer fram (t.d. leikur, hópastarf, útivera, matartímar o.fl.).
- Hvaða starfsfólk leikskólans kemur að málefnum barnsins, hlutverk hvers og eins og verkaskipting á milli þeirra. (t.d. hvert foreldrar eigi að snúa sér með allt sem varðar barnið og athugasemdum sem koma þarf á framfæri.
- Símanúmer/netfang leikskóla, deildar og leikskólastjóra skriflega\*
- Tilkynna forföll barns og hvenær barnið ætti ekki að koma í leikskólann t.d. vegna veikinda og ábyrgð foreldra varðandi reglubundna mætingu barns á leikskóla.
- Þroskapróf/skimanir sem gerðar eru í leikskólanum.
- Vistunartímar og gjaldskrá leikskólans, rafræn skólagjöld.
- Matseðlar leikskólans

## Móttaka og aðlögun barna af erlendum uppruna í leikskólum Kópavogs

- Reglur og venjur í sambandi við afmæli, ferðalög o.fl.
- Útivera
- Viðeigandi klæðnaður, aukaföt. Listi yfir hvað barnið á að hafa meðferðis í leikskólann.
- Sérstakur klæðnaður og/eða útbúnaður sem hafa þarf meðferðis, t.d. vegna hreyfistunda og útiveru.
- Kynning á ýmsum upptákum tengdum íslenskum hefðum, svo sem þorrablót, öskudagur og jólahald.
- Foreldrafélagið, foreldraráð, hlutverk og starfsemi þeirra.
- Foreldrafundir og foreldraviðtöl.
- Ljósmyndir af fjölskyldu barnsins eða uppáhaldsleikfang sem róar barnið og eykur öryggiskennd.
- Hvernig samskiptum við heimilið verði háttað í framtíðinni og tímasetning næsta fundar (upplýsingamiðar sendir heim, skilaboð sett á netið, samskiptabók og fleira).
- Kynning á samvinnuverkefni bókasafnanna í landinu sem heitir „Bækur og móðurmál“ þar sem foreldrar geta fengið lánað bækur á sínu tungumáli.  
<http://www.vefbokasafn.is/default.asp?s=13>

### Kaflí 3. Túlkaþjónusta

Mikilvægur þáttur í að stuðla að góðu samstarfi leikskóla og foreldra af erlendum uppruna er aðgengi að öruggri túlkaþjónustu.

Í leikskólum Kópavogs eru túlkar fengnir til aðstoðar í foreldraviðtölum og sér viðkomandi leikskóli um að panta túlk en menntasvið Kópavogs ber kostnaðinn. Meginreglan er sú að túlkurinn komi frá viðurkenndri túlkaþjónustu.

Ef óskað er eftir túlki þarf að koma fram hvaða tungumál foreldrar tala því ekki nægir alltaf að vita upprunaland heldur þarf að vita móðurmál viðkomandi.

Túlkur er bundinn þagnarskyldu við störf sín og er hlutlaus aðili.

Nokkrar leiðbeiningar um viðtöl með túlki:

- Ávarpaðu og talaðu beint við viðmælanda þinn í fyrstu persónu, ekki túlkinn.

## Móttaka og aðlögun barna af erlendum uppruna í leikskólum Kópavogs

- Mundu að túlkurinn á aðeins að túlka, ekki láta í ljós álit sitt á viðmælanda þínum eða öðrum atriðum viðtalsins.
- Talaðu skýrt og nota stuttar setningar.
- Sýndu þolinmældi ef túlkurinn þarf að fá nánari útskýringar á einhverjum atriðum viðtalsins.

### Hlutverk túlksins.

- Túlkurinn er óháður og tekur ekki afstöðu.
- Túlkurinn á að túlka allt sem sagt er í viðtalinu.
- Túlkurinn hefur ekki leyfi til að koma með sínar eigin skoðanir, ráðleggingar, athugasemdir eða bæta neinu frá eigin brjósti og hafa þannig áhrif á viðtalið.
- Túlkur skal ekki láta í ljós álit sitt á þeim aðilum sem túlkað er fyrir.

### Allt sem er túlkað er trúnaðarmál.

Á höfuðborgarsvæðinu eru eftirfarandi túlkapjónustur.

**InterCultural Iceland.** ICI tekur að sér að útvega þýðingar og túlkun á flestum tungumálum og hafa allir túlkar ICI langa reynslu af túlkun og þýðingum auk þess sem allir túlkar fá fræðslu og þjálfun áður en þeir hefja störf sem túlkar. ICI hefur nú 120 túlka á skrá og býður upp á túlkun á 62 tungumálum. Hægt er að panta túlk með því að senda tölvupóst til [angelica@ici.is](mailto:angelica@ici.is) eða hringja í síma (+354) 517-9345.

**Túlkapjónusta Alþjóðahússins** Alþjóðahúsið rekur túlka og þýðingarþjónustu á yfir 50 tungumálum og þýðing á um 30 tungumál. Hægt er að hæggt panta túlk á heimasíðu Alþjóðahúss, senda tölvupóst til [tulkun@ahus.is](mailto:tulkun@ahus.is) eða hringja í beinan síma (+354) 530-9303. Utan afgreiðslutíma er hægt að panta túlk í síma (+354) 663-0502. Verkefnastjóri túlkapjónustu er Helga Margrét Reinhardsdóttir, [helga@ahus.is](mailto:helga@ahus.is)

**HAFNARFJÖRÐUR OG SUÐURLANDSBRAUT ATH**



#### 4. Leiðarljós í aðlögun og kennslu

Mikilvægt

Myndir á lykklappu, sjónrænt skipulag, myndræn stundarskrá, TMT



#### 5. Heimildir, heimasíður og tenglar.

Á þessum vefum hér að neðan eru frekari upplýsingar um túlkþjónustuna og námskeið sem í boði eru fyrir m.a. starfsfólk í leikskólum og nýbúa sem vilja læra íslensku.

##### Bækur:

Félagshæfnisögur – Bryndís Sumarliðadóttir, 2004

Félagshæfnisögur, leiðbeiningar um gerð og notkun – Auður Björk H. Kvaran, Eva Hrönn Jónsdóttir og Jóhanna Björg Másdóttir, 2010

Menningarheimar mætast – Þorbjörg Guðmundsdóttir og Vilborg Ingólfssdóttir, 2001

Staða, framfarir, framhald – Kolbrún Vigfúsdóttir, 2005

##### Vefir:

Nýbúadeild Álfhólsskóla:

[http://www.alfholsskoli.is/nybuinn/fraedslumal\\_rammi.htm](http://www.alfholsskoli.is/nybuinn/fraedslumal_rammi.htm)

Fjölmenning í leikskólum Reykjavíkur:

<http://www.rvk.is/DesktopDefault.aspx/tabid-2712/>

Nýjir íslendingar

[http://www.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-3806/6354\\_view-2274/](http://www.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-3806/6354_view-2274/)

TMT vefurinn: [www.tmt.is](http://www.tmt.is)

Mikilvægar upplýsingaveitur ætlaðar innflytjendum:

<http://www.island.is/innflytjendur/upplýsinganumer-og-islenskunam/mikilvaegar-upplýsingaveitur>

Móttaka og aðlögun barna af erlendum uppruna í leikskólum Kópavogs

Íslenskukennsla á vegum Alþjóðahúss:

<http://www.ahus.is/content/view/23/19/lang,is/>

Fjölmenningarvefur barna í Breiðholtsskóla:

<http://fjolmenningarvefurbarna.net/>

<http://www.sudurland.is/fraedslunet/>

Fróðlegur vefur hjá leikskólanum Garðaborg

[http://www.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/fjolmenningileikskola/leikskolinnMinn\\_Gardaborg.pdf](http://www.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/fjolmenningileikskola/leikskolinnMinn_Gardaborg.pdf)

Mjög áhugaverður vefur um ýmislegt sem við kemur kennslu og upplýsingar vegna nýbúa. <http://www.breidholtsskoli.is/fjolmenning/>